

Barna og unglinga starf Hestamannafélagsins GLÆSIS, frá hausti 2006 og þar til nú október 2007.

Starfsemin hófst fljótlega upp úr áramótum, með léttum æfingum og útreiðum undir stjórn þeirra Sölva Sölvasonar og Hjartar Hjartarsonar.

Í byrjun febrúar var Hinrik ?, ráðin kennari og skipuleggjandi, sem hafði það hlutverk að stefna á Æskuna og hestinn sem átti að halda á Svaðastöðum um vorið, sem var gert með glæsibrag.

Í þessum hóp voru 16 krakkar á misjöfnum aldri en áttu það sameiginlegt að vera öll hestvön, og ýmist að eiga hest sjálf, eða hafa aðgang að hesti.

Skipulagið var þannig að Hinrik kom á svæðið einu sinni í viku og sagði til og undirbjó prógrammið, svo voru Sölvi og Hjörtur með þeim á milli heimsóknna og æfingar féllu aldrei niður þó að það væri æft utan dyra þegar komið var það langt að allur hópurinn varð að vera inná í einu til að samhæfa leikinn.

Okkur fannst að Æskan og hesturinn sem haldin var á Sauðárkróki hafi tekist alveg stór vel í alla staði. Svo þegar kom lengra fram á sumarið þá voru haldin námskeið fyrir börn á öllum aldri og bæði vanir og óvanir fyrir þau börn sem ekki höfðu yfir hesti að ráða voru fengnir leiguhestar.

Á þessi námskeið mættu 55 krakkar sem ekki höfðu yfir hesti að ráða. Á þessu námskeiðum var aðal leiðbeinandi, Jón Garðarsson Neðra- Ási.

Ferðir voru ekki farnar sérstaklega með börnin en í ágúst á hverju sumri er farin ferð sem allir taka þátt í sem er nefnd, Hestadagar og þá hittist hestafólk af utanverðum Tröllaskaga, í sumar var riðið í Kolkuós, þessar ferðir eru farnar þannig að öllu okkar fólki sé fært að taka þátt í ferðinni, í þessum ferðum er þátttaka mjög góð og alveg sérstaklega af ungafólkinu.

Mótahald er með hefðbundnu sniði Siglufjarðarmót á vorin Stefáns Tölt og Fyrirtækjakeppni, í öllum þessum mótum er keppt í barna og ungmenna flokkum, svo fóru nokkrir krakkar og tóku þátt í mótum bæði á Akureyri, Dalvík, og Sauðárkróki.

Það er hægt að segja að viðurkenndir þjálfarar hafi verið við störf hjá félaginu frá því snemma í febrúar og þar til í ágúst, og aðstoðarfólk fyllt í skörðin, allt fólk með mikla reynslu í þessum málum.